


Daði Guðbjörnsson

Þarft framtak

Myndlist
Bragi Ásgeirsson

Félag starfsfólks í húsgagnaiðnaði og Listasafn ASÍ tóku upp á þeirri nýjung nú fyrir skömmu að efna til listsýningar í húsakynnum félagsins á Suðurlandsbraut 30. Kveikjan að þessari sýningu er ársgömul hugmynd, og var **Daða Guðbjörnssyni** myndlistarmanni boðið að ríða á vaðið. Daði er útlærður húsgagnasmiður er söðlaði yfir í myndlist að loknu sveinsprófi árið 1976.

Hugmynd félagsins er að rækta betur samband sitt við þá einstaklinga, sem starfa eða hafa starfað í húsgagna- og innréttingaiðnaðinum, og hafa lagt á listabrautina með metnaðarfullum hætti svo sem það heitir.

Þetta er góð og lofsverð hugmynd og mættu fleiri félög og fyrirtæki taka hana upp.

Þess skal hér getið, að víða ytra eru starfandi listafélög innan fyrirtækja, smárra og stórra, sem gangast fyrir sýningum virtra listamanna í húsakynnum sínum. Hefðin er þá að í stað leigugjalda af myndunum kaupa fyrirtækin eitt eða fleiri verk og eignast þannig með tímanum álitlegt safn listaverka, sem er sómi og stolt þeirra.

— Óneitanlega er prýði að myndum Daða í húsakynnunum því að myndir hans eru litríkar og í þeim sjaldgæfur gáski og launkímni í bland. Daði kynnir á sér ýmsar velkunnar hliðar frá fyrri sýningum og það er vel þess virði fyrir áhugamenn á þessari hlið myndlistar, sem leið eiga í hverfið að glugga á myndverkin.

Sautján myndir eru á sýningunni og sumar allstórar en ráðgerður sýningartími er aðeins til sunnudagskvölds, sem er alltof snubbótt fyrir þessa tegund upphengingar myndverka . . .

Húsgögn & hönnun 88

List og hönnun
Bragi Ásgeirsson

Að Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning er nefnist **Húsgögn & hönnun,** sem kynnir verðlaunas amkeppni, er fram fór á vegum Félags húsgagna- og innréttingahönnuða. Styrkur fékkst frá Iðnþróunar- og Iðnlánasjóði til þessa verkefnis. Og eins og segir í sýningarskrá var „meginmarkmið samkeppninnar að laða fram nýjar frumlegar hugmyndir, sem et.v. gætu orðið að framleiðslu- og söluhæfum vörum. Jafnframt var með samkeppninni stefnt að því að efla og treysta góð samskipti hönnuða og framleiðenda og hvetja unga hönnuði til starfa í húsgagnaiðnaðinum".


Þetta var viðamikil samkeppni sem fram fór í tveim áföngum. Var fyrri hlutinn almenn og opin keppni og skyldi tillögum skilað í formi teikninga. Alls bárust 23 tillögur frá 17 höfundum og valdi dómnefnd svo 7 teikningar eftir 5 höfunda til framhalds í keppninni.

Óneitanlega nokkuð strembin og vafasöm tilhögun samkeppni, því að þar með túlka endanlegar tillögurnar öðru fremur mat dómnefndar á húsgagnahönnun út frá teikningum en ekki t.d. módelum. Teikningar af húsgögnum, og húsum raunar einnig, eru öllu jafna stórum glæsilegri en endanleg útkoma, svo sem margur veit, en hins vegar geta módelin ekki villt um á sama hátt. Kannski er það þess vegna sem þetta virkar allt nokkuð þungt og á köflum ofhannað — meira hugsað fyrir vélmenni en lifandi fólk. Og þá virðist framkvæmd sýningarinnar hafa farið nokkuð seint af stað og sýningin þannig sett saman á of skömmum tíma — eða einhvern veginn hefur maður þetta á tilfinningunni við skoðun hennar. Sumar tillögurnar njóta sín þannig ekki nægilega vel í salnum og fólk á erfitt með að gera sér rétta hugmynd um þær, sem að sjálfsögðu er mjög miður.

Þá stendur sýningin of stutt og lítið hefur verið gert til að vekja upp almennar umræður á opinberum vettvangi. Heildaráhrif sýningarinnar verða þannig í senn ruglingsleg og þung hvernig sem á allt er litið, og einstök verk virka jafnvel klunnaleg þótt trúlega hafi þau litið vel út á teikningunum.

Vegna þessa alls er erfitt að dæma einstök verk og farsælast að láta það ógert.

Af mistökunum læra menn mest og væntanlega verður efnt til nýrrar samkeppni sem fyrst og framkvæmdin þá öllu hnitmiðaðri.



Frumkvæði vantar

eftir Jón Ingvarsson

Aðgerðaleysi stjórnvalda gagnvart rekstrarvanda frystihúsanna hefur þegar valdið fyrirtækjunum gífurlegu tjóni og er engu líkara en að ríkisstjórnin með þessu aðgerðaleysi sínu fljóti nú sofandi að feigðarósi.

Því verður vart trúað að óreyndu, að ríkisstjórnin sé viljandi að leggja þessa þýðingarmestu atvinnugrein á Íslandi í rúst.

Því verður vart trúað, að núverandi ríkisstjórn sé sömu skoðunar og þær raddir sem fram komu í leiðara Mbl. sl. laugardag, „að gengi krónunnar sé ekki vandamálið heldur frystiiðnaðurinn í heild sinni".

En ef svo er, hljóta forráðamenn frystihúsanna að eiga rétt á því að vita það til þess að geta hafið undirbúning að lokun frystihúsanna til frambúðar og flutt fiskvinnsluna í enn ríkari mæli til Grimsby og Hull þar sem mun betur virðist búið að þessari atvinnugrein.

Því verður vart trúað að þetta sé vilji ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar.

En til þess að menn glati ekki trú á vilja stjórnvalda til að bæta rekstrarskilyrði frystihúsanna, verður ríkisstjórnin að sýna vilja sinn í verki og hefja aðgerðir þegar í stað.

Við skulum ekki drepa málinu á dreif með því að karpa um hvaða leiðir skuli fara til að rétta hag frystingarinnar.



Jón Ingvarsson

„En ef svo er, hljóta forráðamenn frystihúsanna að eiga rétt á því að vita það til þess að geta hafið undirbúning að lokun frystihúsanna til frambúðar og flutt fiskvinnsluna í enn ríkari mæli til Grimsby og Hull þar sem mun betur virðist búið að þessari atvinnugrein."

Það vita allir sem vilja vita, að 18% hækkun á raungengi íslenskrar krónu á einu ári er fjarstæða sem ekki stenst og gengi krónunnar því í reynd fallið.

Það vita allir sem vilja vita, að 18% kaupmáttaraukning á einu ári fær ekki staðist. Það er meiri aukning kaupmáttar heldur en í nokkru öðru landi V-Evrópu.

Það vita allir sem vilja vita, að útflutningsatvinnuvegirnir fá ekki staðið undir vaxtabyrðinni eins og hún er í dag. Forsenda þess að fyrirtækin geti greitt raunvexti er lágt verðbólgustig.


Það vita allir sem vilja vita, að kröfugerð VMSÍ sem felur í sér 47% hækkun launa á einu ári er fjarstæða, sérstaklega við þær aðstæður sem útflutningsatvinnuvegirnir búa við í dag, og er einungis til þess fallin, að ekkert mark sé tekið á forystu Verkamannasambands Íslands.

Það vita allir sem vilja vita, að hækkun fiskverðs við núverandi aðstæður kemur ekki til greina.

Við þessar aðstæður er það skylda ríkisstjórnarinnar að hafa frumkvæði og forystu í efnahags- og kjaramálum. Það er hlutverk hennar.

Þess er nú beðið með óþreyju af fiskvinnslufyrirtækjum hringinn í kring um landið.

Höfundur er stjórnarformaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.



Frá guðsþjónustu í Afríku.

Kristniboðsvika í Keflavík

HIN árlega kristniboðsvika í Keflavík hefst nú um helgina. Verða almennar samkomur haldnar í félagsheimili KFUM og K við Hátún á hverju kvöldi 14.—21. febrúar og hefjast jafnan kl. 20.30. Efni verður fjölbreytt, frásögur, leikræn tjáning og myndasýningar, einnig söngur og predikun á hverju kvöldi.

Nær allir sem kynna kristniboðið eða flytja hugvekjur hafa dvalist lengur eða skemur á starfssvæðum Kristniboðssambandsins í Afríku. Einnig mun ungt fólk láta til sín taka á samkomunum. Seinni sunnudaginn verður guðsþjónusta í Keflavíkurkirkju í tengslum við kristniboðsvikuna.

Það eru kristniboðsfélögin tvö í Keflavík sem standa fyrir samkomunum. Kristniboðsstarfið í Afríku er æði margþætt. Nefna má að Íslendingar hafa hjálpað æskufólki til mennta og t.d. staðið fyrir því að koma upp fimm skólahúsum meðal Pókot-manna, 200 þúsund manna þjóðflokks sem þeir starfa á meðal í V-Kenýa.

Íslendingar voru einnig frumherjar í skólamálum í Konsó í Eþíópíu. Fyrsti kristniboðinn þar hóf þar skólastarf tíu dögum eftir komu sína til þjóðflokksins. Fyrsta daginn komu átta drengir. Nú hafa tugþúsundir Konsómanna lokið skólaskyldu fyrir tilstilli kristniboðsins og síðan kirkjunnar sem risið hefur á kristniboðsakrinum.

Kostnaðurinn við kristniboðsstarfið er nær allur greiddur með frjálsum framlögum. Á þessu ári er áætlað að safna þurfi á níundu milljón króna. Verða því tekin samskot á samkomunum.

Eins og fyrr segir hefst kristniboðsvikan í Keflavík sunnudaginn 14. febrúar. Sr. Ólafur Oddur Jónsson flytur ávarp, Guðlaugur Gunnarsson sýnir myndband frá Eþíópíu og Skúli Svavarsson predikar. Á mánudagskvöld flytur ungt fólk leikþátt og Jónas Þórisson talar. Allir eru velkomnir á samkomurnar í Keflavík. **(Fréttatilkynning)**